

Skógarvörðurinn í Skagafirði
Sigurður Jónasson.

Starfsskýrsla ársins 1956.

=====

18/1 1957.

Stsrfskýrsla

Sigurðar Jónassonar árið 1956.

Veturinn 1956 var mjög óhagstæður fyrir trjáplöntur, einkum fór veðráttan illa með ungviði í græðireitnum og plöntur, sem höfðu verið gróðursettar vorið áður.

Snjóalög voru óvenjulega litil, og skiptust mjög á hláku- stormar og frost. Þessi veðráttan hafði í för með sér tíða holklakamyndum í jörð og var því miklum erfiðleikum bundið að verja frabeðim fyrir skemmdum. Þó heppnaðist þetta betur en áhorfðist, þannig að ekki varð neitt verulegt tjón í fræ- beðum af völdum vetrarveðráttunnar.

Viða urðu nokkur vanhöld í gróðursetningu frá s.l. vori hér í Skagafirði og einnig í Húnavatnssýslum. Mestar skeumnd- ir urðu á furu og rauðgreni, nokkrar á birki en litlar á lerki og sitkagreni.

Þessi hlýja vetrarveðráttan hafði það í för með sér, að auðvelt reyndist að verja skógarreiti fyrir ágangi búfjár. Naumast kom fyrir að girðingar færu í kaf af völdum snjóa, og þó slíkt bari við, varáði það aldrei mena um stundarsakir, snjóinn leysti von bráðar aftur.

Í apríl og maí var veðurfar fremur kalt og naturfrost tíð, og í maí gerði hér aftaka rok af vestri, sem stóð yfir

í 2 daga, en seinni daginn gekk á með hriðaréljum. síðan létti til og kólnaði mjög í veðri svo að frost var á hverri nóttu í vikutíma.

Þetta veður olli allmiklum skemmdum í græðireitnum, einkum fóru 2ja ára plöntur illa, sem voru þá mjög farnar að laufgast. Viða eyðilögðust plöntur í trjáreitum og göro-um. Yfirleitt virtist mér sitkagremi standast þetta veður betur en aðrar trjáplöntur.

Fjöldi starfsfólks. Vinna hófst í græðireitnum 15. apríl og hafði ég aðeins eina stúlku með mér við vinnuna til aprílloka. Síða fjölgaði ég fólkinu þannig, að 1. maí bættust við 2 karlmenn, 15. maí ~~er~~ 1 stúlka, 1. júní 1 stúlka og 15. júní 1 stúlka.

Karlmennirnir höfðu tímakaup en stúlkurnar mánaðar-kaup.

Vinnu starfsfólksins lauk þannig: 1. júní bætti 1 stúlka, 5. júlí 1 karlmaður, 14. júlí 1 karlmaður, 31. júlí 1 stúlka. Í ágúst voru aðeins 2 stúlkur, en í september bætti ég við einni stúlku, svo að þar voru 3 til septemberloka en þá lauk vinnu starfsfólksins.

Auk þessa fólks tók é stundum stúlkur og unglínga í tíma-
vinnu þegar mest var að gera, eik^um á meðan á gróðursetning-
unni stóð. Einnig þurfti ég að kaupa mikla vélavinnu við jarð-
vinnslu, áburðarflutning og vegagerð. Nokkur kostnaður varð

við smíði á gluggum, viðhald vatnskerfis, véla og fl.

Laufgun. 15. apríl byrjaði að springa út á trjám, en lauffall hófst með september og lauk því í septemberlok.

Vöxtur. Sumarið var mjög kalt og fremur stormasant. Vöxtur var því óvenjulega lítill í öllum trjágróðri og tók alveg fyrir hann síðast í ágúst vegna frosta, sem héldust í 3 natur. Mest var frostið fyrstu nóttina, eftir fremur hlýjan dag og útlit fyrir naturþoku, en að morgni var héluð jörð og 5 gráðu frost.

Mins og gefur að skilja hafði þetta frost mjög mikla eyðileggingu í för með sér, einkum á nýju sáningunni, plönturnar gulnuðu upp í stórum stíl og náðu sér ekkert eftir það. Sérstaklega urðu miklar skemmdir á barrplöntunum.

Ekki er ég viss um að þetta frost hafi sakað mikið starri plöntur í skógarreitum, án efa minna fyrir það hvað sumarið var kalt og allur vöxtur því mjög hægfara.

Girðingar. Engar nýjar girðingar voru settar upp hér á árinu á vegum Skógræktar ríkisins, en gert var allvel við Barkarstaðagirðingu og nokkurt viðhald var á Reykjarhólsgirðingu.

Á Hólum í Hjaltadal var byrjað á girðingu í kring um 17 ha. lands. Er sú girðing kostuð af Skógræktardeild Hóla-skóla.

Gróðrarstöðin. Í vor var gróðrarstöðin stækkuð um 300 fermetra, sem var tekið til sáningar. Jafnframt var að mestu full-

unnið land, sem nemur 2000 fermetrum að flatarmáli. Þetta land er eftir að lokrása að nokkru leyti og bera í það sand og húsdýraáburð áður en það er tekið til ræktunar. Þá var í haust plögt land það, sem áður var úthlutað skógarverði til ræktunar.

Verkfæri. Ekki eru vélknúin verkfæri til í græðireitnum önnur en vatnadæla og lítill tætarei, gamall og naumast gangfær. En nokkuð er til af handverkfærum.

Stofnkostnaður. Í vor keypti ég nokkuð af borðviði í ramma, og vatnsslöngur til að nota við vökvun, lét smíða glugga yfir 50 fermetra, keypti mótur í vatnsdalu og fl. Til stofn kostnaðar telst einnig jarðvinnslan, sem hér að framan greinir.

Sáning. Sáning fór fram dagana 10. - 18. júní. Sáð var alls í 730 fermetra. Þar af var sáð undir striga 655 fm. en undir gler 75 fm.

Tegund fræs.	Uppruni.	kg.	m ²
✓Birki.....	Isl. Bæjarstaðaskógur.....	20,0	500
✓Lerki.....	Komsomolsk V/ Amúr Habarovsk-krai.....	0,950	20
✓Lerki.....	Yarensk, Arkhangelsk, obl.....	0,1	2
✓Brogg og blágr...	Sapinero U. S. A.	1,0	73
✓Fjallapínur.....	Sapinero U. S. A.	2,0	40
✓Sitkagreni.....	Cordova, Alaska.....	2,0	60
✓Rauðgreni.....	Nord-Helgeland.....	1,0	35

27.050 kg. 730 m²

Græðlingar. Í vor gróðursetti ég 4000 stk. af græðlingum.

Voru það þessar tegundir:

Þingviðir	2000	stk.
Gulviðir	1000	"
Viðja	100	"
Ribs	500	"
Heggur	100	"
Sólber	300	"

Samt. 4000 stk.

Spírun. Spírun í fræbeðum var yfirleitt góð, en mjög léleg útkoma á græðlingunum, nema gulviði og þingviði.

Áburður. Í fræbeðin bar ég húsdýraáburð og tilbúin áburð. Magn per. 100 ferm: Húsdýraáburður 1000 kg, kalksalp. 4 kg, Þrifósf. 3 kg. og kalí 3 kg.

Dreifsetning. Dreifsett: Blágreni 2000 stk.

Hvítgr. 3000 stk.

Samtals 5000 stk.

Áætluð dreifsetning á næsta ári. Hvítgreni 3/o 20000 stk.

Skógarfura 2/o 30000 "
Sibiriulerki 2/o 20000 "
Birki 2/o 5000 "

Samt. 75000 stk.

Afhentar plöntur. Í vor voru fluttar út héðan til gróðursetningar samtals 39450 trjáplöntur. Þar af voru aðsendar 15300 plöntur en 24150 uppaldar í Laugabrekku.

Voru það þessar tegundir.

Fri Laugabr.

Skógarplöntur:	Birki	Ísl.	32400	stk. ✓	22.400.
"	Skógarfura.	Tóms	3950	stk. ✓	950
	Lerki.	Arkhang.	700	stk. ✓	
	Sitkagr.	Seward.	1006	stk. ✓	
	Rauðgreni.	Rana.	600	stk. ✓	

Samt. 38.656 stk. 23.350 !

Garðplöntur: ~~Ataskarðspnx~~

Rauðgreni.....	41	stk. ✓
Sitkagreni....	326	stk. ✓
Reynir.....	87	" ✓
Þingviðir....	108	" ✓
Rós.....	10	" ✓
Lerki.....	10	" ✓
Birki.....	182	" ✓
Ribs.....	30	" ✓

Samt. 794 stk.

10.000 lerki
1000 sitka
700 lerki
600 rauðgreni
3.000 skógarfura
100 sitka

Áætlun um söluplöntur 1957.

Skógarplöntur: Skógarfura...Troms.. 3/o... 40.000 stk.

Birki..... Ísl... 4/o... 4.000 stk.

Samt. 44.000 stk.Garðplöntur. Alaskaösp.... 60 stk.

Hauðgreni.... 100 "

Sitkagreni.... 26 "

Reynir..... 50 "

Ribbs..... 70 "

Grávíðir.... 450 "

Gulvíðir.... 170 "

Þingvíðir.... 270 "

Samtals 1196 stk.Gróðursett í girðingar Skógræktar ríkisins. Í vor gróðursetti ég

í girðingar Skógræktar ríkisins eftir taldar plöntur:

Gauksmýri..... Birki... Ísl. 2/2 1.000 stk.

Barkarstaðir..... Birki... Ísl. 2/2..... 2.000 "

Úlfsstaðir..... Birki... Ísl. 4/o.... 3.000 "

Reykjarhóll..... Birki... Ísl. 4/o 2/2 11.850 "

~~Sitkagrætti~~..... Sitkagr..Seward 2/3... 50 "

" Sitkagr..Seward 2/2... 250 "

Samt. 18.150 stk.

Byggingar. Engar byggingar voru reistar á árinu en gerbar nokkrar umbætur á hitalögn í íbúðarhúsinu.

Vegagerð. Í sumar lét ég moka upp með jarðýtu 170 m. vegaspotta á leiðinni upp að gróðrarstöðinni. Þyrfti að malbæra hann á næsta vori.

Leiðbeiningar og ferðalög. Hins og undanfarin ár flutti ég allar plöntur til gróðursetningar og leiðbeindi við plöntunina eftir föngum. Á nokkrum stöðum valdi ég land til skógræktar, mældi fyrir skógræktargirðingum og skipulagði trjágarða heima við bæi.

Byrjað var að girða 17 ha. lands að Hólum í Hjaltaðal og verður þar plantað á næsta vori, er það á vegum Skógræktardeildar Hólaskóla. Girðingarstaðið var jafnað með jarðýtu og fyllt upp í lautir, til að fyrirbyggja að girðingin fari í kaf í snjó. Ekki er þessi girðing fullgerð enn, en mun verða lokið fyrir vorið.

Helstu ferðalög utan míns vinnusvæðis. Í marz fór ég til Reykjavíkur og sat þar fund skógarvarða.

Í júní fór ég á Aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Reykjahlíð við Mývatn.

Í júlí fór ég til Noregs ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum skógræktarinnar. Ferðast var í 10 daga um Vestur-Noreg í boði norskra skógræktarféлага. Kynntumst við þar

ýmsum nýungum í skógræktarmálum Norðmanna, og fengum nokkurt yfirlit yfir skóggæðslu á þessum slóðum, Var ferðin bæði lærdómsrík og ánæguleg.

Í nóvember fór ég til Reykjavíkur á fund Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra og jafnframt til að kaupa Hússneska Jeppahífreið. Í þeirri ferð seldi ég minn gamla Jeppa, sem var orðinn mér ófullnægjandi til ferðalaga.

Laugabrekku, 1. jan. 1957.

Sigurður Þorvasson